

Akureyrarbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 3. júní 2022
UST202205-385/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 – Vindorkuver í Grímsey

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrarbæjar er barst 31. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og nýju deiliskipulagi vegna vindorkuvers í Grímsey.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýtt iðnaðarsvæði (I35) sem verður 1 ha að stærð og athafnasvæði AT20 verður fellt úr gildi. Auk þess kemur fram að heimilt er að reisa allt að sex vindmyllur með hámarkshæð frá jörð allt að 12 m.

Náttúruvernd

Í greinargerð kemur fram að áhrif á fuglalíf eru talin vera lítil, en einnig að einhverju leyti óviss. Vegna þess mun Fallorka stofna til samstarfs við Náttúrustofu Norðausturlands um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf og vakta þau áhrif.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að sveitarfélagið óski eftir umsögn Náttúrufræðisstofnunar Íslands (NÍ) og Náttúrustofnunar Norðausturlands, hvað varðar áhrif tillögunnar á fuglalíf, áður en skipulagsbreytingin er samþykkt. Mikilvægt er að skoða hvernig breytingartillagan hefur áhrif á farleiðir fuglanna, fæðusvæði og búsvæði. Auk þess er mikilvægt að litið sé til álits NÍ og Náttúrustofnunar um staðsetningu og uppröðun vindmylla fyrir vindorkuverið.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands er Grímsey skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. „*Mikið fuglalíf er í Grímsey og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru rita (32.840 pör), langvía (67.293 pör) og álka (114.796 pör). Á eyjunni er ennfremur ein stærsta lundabyggð landsins (40.275 pör). Grímsey er á IBA-skrá og stór hluti hennar er á náttúruminjaskrá.*“ (<https://www.ni.is/node/16218>)

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að Grímsey, ásamt 1 km verndarjaðri, er á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár. Forsendur fyrir valinu eru þær að þar er mikið fuglalíf og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru rita, langvía, álka og lundí. (<https://www.ni.is/greinar/na-grimsey>)

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Útivist

Iðnaðarsvæðið er staðsett við gönguleiðir og því þarf að skoða áhrif framkvæmdanna á útivistargildi eyjarinnar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur